## Sýningin „Konur og kvenfélög" á Héraðsskjalasafninu á Akureyri:

# Konur verið misjafnlega duglegar að fela safninu gögn til varðveislu

Sýningin „Konur og kvenfélög" var opnuð á skjaladaginn 14. nóvember á Héraðsskjalasafninu á Akureyri. Nú standa yfir sýningar með þessu sama heiti á mörgum af héraðsskjalasöfnum landsins, auk þess sem vefurinn skjaladagur.is er helgaður þessu efni.

Allt er þetta tengt árlegum kynningardegi skjalasafna á Íslandi, sem er annan laugardag í nóvember. Efni skjaladagsins að þessu sinni má rekja til þess að fyrr á þessu ári efndu Kvenfélagasamband Íslands og Félag héraðsskjalavarða til átaks í innheimtu skjala kvenfélaga. Líklega er kvenfélag í hugum flestra samtök kvenna sem leggur áherslu á líknarmál, einhverjar hannyrðir eða jafnvel þjóðlegar hefðir en það er ekki einhlít nálgun, kvenfélag getur líka bara verið félag kvenna, hvort sem félagsstarfið snýst um söng, líknarstarf eða útivist. Á sýningu Héraðsskjalasafnsins er litið til kvenfélaga í umdæmi safnsins sem eiga eða hafa átt aðild að Kvenfélagasambandi Íslands. Félög sem eiga skjöl á sýningunni eru: Kvenfélagið Hlíf, Kvenfélagið Baldursbrá, Kvenfélagið Iðunn, Kvenfélagið Freyja, Kvenfélag Hörgdæla, Verkakvennafélagið Eining, Kvenfélagið Framtíðin, Hjúkrunarfélagið Hjálpin, Kvenfélagið Aldan og Kvenfélagið Voröld.



*Á sýningu Héraðsskjalasafnsins er litið til kvenfélaga í umdæmi safnsins sem eiga eða hafa átt aðild að Kvenfélagasambandi Íslands.*

### Áhersla á hjúkrunarstarf

Einnig eru á sýningunni gögn frá Héraðssambandi eyfirskra kvenna, Sambandi eyfirskra kvenna, Kvennasambandi Akureyrar, Kvennasambandi Eyjafjarðar og Sambandi norðlenskra kvenna. Það er úr mismiklu að moða af sýningarefni enda hafa konur verið misjafnlega duglegar að fela safninu gögn sinna félaga til varðveislu. Svo eru líka dæmi um félög sem hafa ekki skilið neitt eftir sig eða a.m.k. hefur ekkert borist frá þeim til safnsins hvað svo sem gerist í framtíðinni.

Kvenfélagahreyfingin á sitt upphaf á 19. öldinni, á þeim tíma sem hvers kyns félagastarfsemi var að vakna og félagsstarf var talið kjörinn vettvangur til þroska og eflingar einstaklinga. Fyrstu kvenfélögin lögðu áherslu á ýmis líknar- og framfaramál, eflingu menntunar bæði barna og kvenna sem og sjálfstæði, samvinnu og samkennd kvenna. Í mörgum kvenfélaganna var lögð áhersla á hannyrðir og stóðu þau fyrir kaupum á prjónavélum og vefstólum. Í Eyjafirði og á Akureyri var áherslan nokkuð önnur en flest félaganna á svæðinu voru stofnuð með hjúkrunarstarf að markmiði. Þetta á t.d. við Kvenfélag Hörgdæla, Kvenfélagið Baldursbrá og Kvenfélagið Freyju sem öll voru stofnuð fyrir 1920 og öll höfðu hjúkrunarkonu í vinnu, sem fóru á milli heimila eftir því sem aðstæður buðu. Á þessum tíma var heilbrigðiskerfið ekki burðugt og því munaði mjög um þetta starf kvenfélaganna.

### Áherslurnar breyttust

Eftir því sem árin liðu breyttust áherslur og í stórum dráttum má segja að kvenfélögin á Akureyri hafi beint kröftum sínum að ákveðnum verkefnum en hjá kvenfélögunum í sveitunum voru og eru verkefnin mun fjölbreyttari. Á Akureyri beindu t.d. Hlífar-konur sér fyrst að Pálmholti og síðar að barnadeild Sjúkrahússins og Framtíðarkonur styrktu elliheimilin. Í sveitunum áttu kvenfélagskonur gjarnan hlut í félagsheimilunum og tóku þátt í menningarlífi sveitanna, auk margvíslegs líknarstarfs.

Áhersla kvenfélaga á líknar- og velferðarmál eru enn í fullu gildi en að einhverju leyti hafa konurnar farið að gera meira fyrir sig sjálfar á seinni árum, farið saman í ferðalög, staðið fyrir og sótt ýmis námskeið og skemmtanir svo fátt eitt sé nefnt.

Þó svo að sýningin taki fyrst og fremst til kvenfélaga innan Kvenfélagasambands Íslands þá má geta þess að nokkur önnur félög kvenna eiga gögn varðveitt á Héraðsskjalasafninu. Í tengslum við sýninguna var settur saman listi yfir þau félög kvenna sem vitað er um í umdæmi safnsins og eru þau ófá. Það er vel þekkt að skjöl dagi uppi hjá formönnum félaga en vonandi verður þessi sýning til þess að fleiri feli safninu geymslu sinna gagna. Sýningin stendur til 30. nóvember í Héraðsskjalasafninu á Akureyri.



*Konur úr Kvenfélaginu Iðunni á ferðalagi.*